

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinsson  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. mars 2019  
2019030002/42-0  
TB  
tb

### Breikkun Vesturlandsveggar um Kjalarnes - matsskylda-umsögn

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum framkvæmd við breikkun Vesturlandsveggar um Kjalarnes skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið. Eins og kemur fram í gögnum málsins er núverandi veglínu fylgt og allar framkvæmdir eru að mestu leiti á landi sem nú þegar er raskað að einhverju marki. Á einum stað við Hofsvík mun framkvæmdin skarst lítillega við mikilvægt fuglasvæði en Náttúrufræðistofnun telur það ekki hafa áhrif á svæðið. Í framangreindu erindi er vel gerð grein fyrir þeim þáttum sem þarf að skoða við framkvæmdina.

Náttúrufræðistofnun telur, miðað við hlutverk stofnunarinnar og að teknu tilliti til staðsetningu- og umfangs framkvæmdarinnar svo og að fylgt er núverandi veglínu og að náttúrufari á framkvæmdasvæðinu hefur að miklu leiti nú þegar verið breytt eða raskað og náttúruverndargildi þess því ekki metið hátt, að framkvæmdin þurfi ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

